

2. fundur skólanefndar vegna Undralands árið 2015, haldinn 28. apríl 2015 í leikskólanum kl. 16:00. 3. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Bjarney Vignisdóttir sem ritaði fundargerð, Halldóra Halldórsdóttir, leikskólastjóri, Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks, Sigfríð Lárusdóttir, fulltrúi foreldra. Jón Bjarnason mætti ekki.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla skólastjóra.**
- 2. Skóladagatal fyrir næsta skólaár.**
- 3. Beiðni um undirbúning.**
- 4. Önnur mál.**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

- ❖ Margt hefur á dagana drifið hjá okkur í leikskólanum og má þá einna helst nefna að dagana 17., 18. og 19. mars komu tveir matsaðilar frá námsmatsstofnun þær Kolbrún Vigfúsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir til að gera ytra mat á leikskólanum. Þær tóku viðtöl við stjórnendur, starfsfólk, börn og foreldra og gerðu vettvangsathugun á öllum deildum. Þær gáfu okkur mjög svo jákvæð og uppörvandi ábendingar áður en þær fóru og fannst flott að sjá hversu mikil virðing væri borin fyrir börnunum, sjálfstæði þeirra og leik. Samskipti okkar við börnin væru uppbyggileg og mikil gleði væri í starfinu. Þær voru sérstaklega hrifnar af fyrirkomulagi okkar í matmálstímum. Þeim fannst mikill mannauður í húsi en vantar upp á samvinnu. Undirrituð hefur fengið skýrsluna til yfirlstrar. Skýrslan er svo væntanleg í haust og verður fróðlegt að sjá hvaða þætti má bæta í starfi okkar.
- ❖ Febrúar átti sér góða daga, við höldum þorablót þar sem börnunum gafst tækifæri á að smakka þorramat og svo var að sjálfsgöðu haldið ball þar sem dansað var við lög valin af börnunum.

- ❖ Dagur leikskólans var haldinn hátíðlegur og var formleg opnun á myndlistarsýningunni í Samkaup-Stax. Þetta var sjöunda árið þar sem leikskólinn setur upp sýningu í búðinni í tilefni af þessum degi.
- ❖ Inga bakaði fyrir okkur bollur á bolludaginn og voru þær borðaðar af bestu list. Öskudagurinn var haldinn hátíðlegur með Öskudagsballi á Kaffi-Sel, foreldrafélagið sýndi af snilld leikþáttinn af grísunum þremur sem börnunum þótti mjög spennandi, enda foreldrarnir flottir. Kötturinn var sleginn úr „tunnunni“, dansað var af innlifun og svo var börnunum boðið uppá pizzur og safa. Við þökkum að sjálfsögðu foreldrafélaginu fyrir aðstoðina og leikþáttinn og fólkinu á Seli fyrir heimboðið og pizzurnar ☺.
- ❖ Í tilefni af konudegi héldum við Kerlingadag og komu margar góðar kerlingar í heimsókn til okkar og tóku þátt í skemmtilegum verkefnum.
- ❖ Deildirnar hittast vikulega og syngja saman, Séra Óskar kom til okkar í mars og sagði okkur sögur og kenndi okkur söngva. Nú hafa allir farið í eina heimsókn á bókasafnið þar sem að hún Áslaug bókasafnsvörður tók á móti okkur og las fyrir okkur sögu. Við förum í litlum hópum á bókasafnið og voru þetta hinar notalegustu stundir.
- ❖ Veðrið hefur haft áhrif á starfið okkar og þá sérstaklega útikennsluna og bíðum við nú spenntar eftir vorinu og stefnum á mikla útikennslu. Námskeið sem starfsfólk ætlaði að sækja sér féllu ítrekað niður vegna ófærðar og veðurofsa, leikskólastjórafundur féllu niður og starfsmannafundur féll líka niður vegna veðurs. Er þetta alveg nýtt fyrir okkur enda hafa veturnir verði frekar mildir fram að þessu.
- ❖ Starfsmannakönnun var gerð í febrúar á vegum Skólapúlsins og komu niðurstöðurnar um miðjan mars. Úrvinnsla og úrbótaáætlun er í vinnslu. Áhugaverðir punktar sem vert er að skoða. Starfamannaviðtöl eru einnig vel á veg komin. Foreldrakönnun var einnig gerð í mars og bíðum við eftir niðurstöðum hennar. Eftir að báðar kannanirnar

hafa verið ræddar og ígrundaðar veður gerð úrbótaáætlun fyrir næsta skólaár og er þetta liður í að efla starf leikskólans.

- ❖ Í þrjár vikur af mars tók Freyja að sér nema frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Neminn heitir Guðbjörg og er starfsmaður í leikskólnum Álfaborg í Reykholti. Hún Elma fór einnig í vettvangsnám og var nemi í Álfaborg.
- ❖ Við fengum góðar gjafir. Unnsteinn á Seli smíðaði handa okkur útielдавél og gaf okkur. Við fengum líka vatnsflöskur fyrir börn og starfsfólk frá Icelandic Glacial og nú eiga allir sína vatnsflösku og hefur vatnsdrykkja aukist mikið við þessa gjöf. Er báðum aðilum þakkað fyrir góðar gjafir.
- ❖ Apríl flaug áfram. Hann einkenndist af miklu „starfsmannapúsli“, frí, veikindi og fl. Garðar í Hellisholtum kom og spilaði fyrir okkur á harmonikkuna og var það á vegum harmonikkufélagsins „harmonikkan í leikskólann“ hét verkefnið.
- ❖ Í maí byrja svo hjá okkur tvö ný börn þau Rakel Vala og Helgi Fannar og verða þau bæði á Móakoti.
- ❖ Þórdís fer í aðgerð núna í lok apríl og verður í veikindaleyfi í maí. Hún Else kemur nokkra daga í afleysingar á meðan en að mestu leiti veður afleysingin á undirritaðri og Valdísi og önnur verk sitja á hakanum á meðan.
- ❖ Erla Jóhannsdóttir sótti um launalaust leyfi frá 1. júní 2015 – 11. ágúst 2016. Elín Hannibalsdóttir stefnir einnig á leyfi næsta skólaár. Auglýst var eftir leikskólakennurum og hafa fjórar umsóknir borist, engin af þeim er leikskólakennari en þrjár með reynslu. Ein fyrirspurn hefur komið frá leikskólakennara.

2. Skóladagatal fyrir næsta ár.

Leikskólastjóri fór yfir dagatal leikskólans fyrir næsta starfsár, 2015-2016. Rætt um og farið yfir einstaka liði þess og má nefna að teknir verða tveir hálfir starfsdagar. Skólanefnd samþykkir dagatalið.

3. Beiðni um undirbúning.

Leikskólastjóri kynnti beiðni um aukinn undirbúning fyrir starfsfólks Leikskólans Undralands vegna þróunarverkefnis næsta skólaárs 2015-2016. Markmið þróunarverkefnisins er að efla og tengja betur saman stefnur leikskólans þ.e.a.s. hugmyndafræði Reggio Emilia og útikennslu.

Skólanefnd tekur jákvætt í erindið en leggur til að ákvörðun verði frestað þar til í ágúst.

Ákvörðun verður þá tekin með hliðsjón af fjárhagsáætlun, barnafjölda og starfsmannafjölda í leikskólanum.

4. Önnur mál.

a) Starfsmannamál

Leikskólastjóri kynnti samning sem gerður var við starfsmann vegna umsóknar um launalaust leyfi. Skólanefnd samþykkir samninginn.

b) Efling starfsmanna til menntunar.

Leikskólastjóri kynnti reglur frá sveitarfélaginu Ölfus um styrkveitingar vegna fjarnáms. Lagt er til að málið verði skoðað frekar og gerðar reglur í sveitarfélaginu.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl 17:05